

Hverfisráð Grafarvogs

Árið 2014, þriðjudaginn 18. nóvember var haldinn 109. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði og hófst hann kl. 16:30. Viðstaddir voru Bergvin Oddsson, formaður, Guðbrands Guðmundssonar, Gísli Rafn Guðmundsson, Ólafur Kr. Guðmundson, varamaður Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur, og Elísabet Gísladóttir. Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Árni Guðmundsson, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs, Inga Lára Karlsdóttir, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis, Hjördís Björg Kristinsdóttir, varamaður Jóhannesar Óla Garðarssonar, áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði, og Hera Hallbera Björnsdóttir, verkefnastjóri í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Kynning á skýrslu um umferðaröryggismál í Grafarvogi. Guðbrandur og Ólafur kynntu skýrsluna f.h. umferðaröryggisnefndar hverfisráðs. Bókun framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir fagna ítarlegri, yfirgripsmikilli og góðri vinnu umferðaröryggisnefndar hverfisráðs Grafarvogs og þá sérstaklega þeirri áherslu á að merkja þurfi gangbrautir með máluðum gangbrautum/zebrabrautum og gangbrautaskiltum víðsvegar um hverfið og skorar Framsókn og flugvallarvinir á Reykjavíkurborg að verða hið fyrsta við þeirri ósk umferðaröryggishópsins. Með stærri hugleiðingar umferðaröryggishópsins, eins og fjölgun hringtorga, breytingar á umferðarhraða og fleira, teljum við frekar og enn ítarlegri vinnu við mat á þörf þurfa að vinna. Framsókn og flugvallarvinir vilja einnig benda á að tenging milli Korputorgs og Egilshallar verði fljótt óþörf á næstu árum þegar sambærileg íþróttamannvirki/yfirbyggðum knattspyrnuvöllum fjölgar í Reykjavík.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Grafarvogs fagnar skýrslu umferðaröryggishóps hverfisráðs Grafarvogs um úttekt á umferðaröryggi í Grafarvogi og Bryggjuhverfi. Hverfisráðið tekur undir þær tillögur til umbóta sem nefndar eru í skýrslunni og hvetur til þess að farið verði í lagfæringar byggðar á þeim. Grafarvogshverfi verði á þann hátt reynsluhverfi fyrir umbætur í umferðaröryggismálum í borginni. Margar aðgerðir sem nefndar eru í skýrslunni kosta lítið og því er mikilvægt að forgangsraða þeim og tryggja fjármagn í aðrar aðgerðir.

Bókunin samþykkt.

2. Fjallað um málefni Björgunar. Umfjöllun um málefni Björgunar frestað til næsta fundar hverfisráðs. Herdís Anna Þorvaldsdóttir kom á fund kl. 17:25.
3. Teknar fyrir tillögur frá 23. september.
 - a. Lagt er til að hverfisráð óski eftir því við Umhverfis- og skipulagsráð að málaðar verði gangbrautir/zebrabrautir yfir allar aðalumferðargötur eins og Langarima, Fjallkonuveg og fleiri á leið til allra leikskóla og grunnskóla í Grafarvogi hið fyrsta. Þannig að gangbrautarkerkingar verði á sem best er kosið t.d. eins og við Hólabrekkuskóla Breiðholti eða eins og í nágrennasveitarfélögum.

Tillagan samþykkt.

- b. Lagt er til þess að hverfisráð skori á Umhverfis- og skipulagsnefnd setji borgarstarfsmenn í að þrifa sem fyrst mikið veggjakrot beggja megin á hljóðmúr sem skýlir Vesturfold og Fannafold frá aðalvegi nefndum Gullinbrú frá Fjallkonuvegi að Hallsvegi.

Tillagan felld.

- c. Lagt er til þess að hverfisráð skori á Umhverfis- og skipulagsnefnd í beinu framhaldi af þrifum starfsmanna af fyrrnefndum hljóðmúr séu gróðursett sígræn tré þ.e. grenitré sem hylji annan hljóðmúrinn og þannig bæði hindri frekara veggjakrot og einnig hylji algjörlega sýn á það ef það skildi verða til staðar.

Tillagan felld.

- d. Lagt er til þess að hverfisráð skori á Umhverfis- og skipulagsráð að borgarstarfsmenn verði fengnir til að þrifa sem fyrst mikið veggjakrot á undirgöngum undir Víkurveg frá Engjahverfi að Egilshöll þ.e. battavöllum.

Tillagan felld.

Ný tillaga hverfisráðs:

Hverfisráð Grafarvogs beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að gert verði átak í að hreinsa veggjakrot í hverfinu og í kjölfarið viðhaldi hreinsun veggja. Ráðið leggur til að notaðar séu nýjar tækni- og gróðurlausnir, svo sem klifurjurtir sem fyrirbyggjandi. Sem dæmi um slæman stað er veggur við Fjallkonuveg og Gullinbrú þar sem klifurjurtir henta vel.

Tillagan samþykkt.

Bókun Framsóknar og flugvallarvina:

Það að hverfisfulltrúar Grafarvogs þurfi að mæta á fundi innan borgarkerfisins og óska eftir formlega þrifum á veggjakroti í Grafarvogi er mjög dapurt að upplifa. Borgarstarfsmenn eiga auðvitað að sýna frumkvæði og halda Grafarvogi eins og borginni allri hreinni frá degi til dags, viku til viku, mánuð til mánaðar. Frá því að tillaga um þrif á veggjakroti var lögð fram hefur veggjakrot aukist verulega víðsvegar í Grafarvoginn. Skorur við því á borgarstarfsmenn að vinna nú hratt og þrifa veggjakrot af veggjum víðsvegar um Grafarvog og einnig skorur við á borgarstarfsmenn að sýna þessum málaflokki miklu meira frumkvæði og grípa af eigin frumkvæði og markvisst í veggjaþrif í Grafarvogi þegar þörf er á.

4. Lagt fram til kynningar útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs vegna Fjölskyldugarða.
Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Grafarvogs fagnar hugmynd um fjölskyldugarða og leggur til að skólagarðar verði endurvaktir í þeirri mynd sem þeir voru. Tengja mætti við frístunda- og tómstundastarf barna og ungmenna á sumrin.

Bókunin samþykkt.

5. Rætt um skipulagsmál og Alþingi.
Bókun framsóknar og flugvallarvina:

Það að taka umræður um störf Alþingis inn á fundi hverfisráðsfund Grafarvogs er útfyrir ramma nærumhverfi hverfisins og á ekkert erindi upp á borð hverfisráðsins.

Bókun framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir í Grafarvogi sem og í Reykjavík allri standa með því að Reykjavíkflugvöllur sé áfram á sínum stað, allar þrjár flugbrautirnar séu og verði áfram til staðar og þjónustu innanlandsflug í dag og áfram í komandi framtíð.

Trausti Harðarson fór af fundi kl. 18:20.

6. Tillaga áheyrnarfulltrúa Korpúlfa:

Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi, vilja koma því á framfæri að Hverfisráð Grafarvogs hafi forgöngu um að Reykjavíkurborg komi fyrir bílastæðum við reit þann sem Hallsteinn Sigurðsson, listamaður, hafði á leigu frá Reykjavíkurborg. Gerði hann mikið af útilistaverkum og kom þar fyrir, sem hann síðan gaf borginni til varðveislu. Listaverk þessi eru við Strandvegi á frábærum útsýnisstað en því miður eiga hreyfihamlaðir ekki aðgang að svæðinu eins og nú er háttað.

Fundi slitið kl. 18:30

Bergvin Oddsson

Guðbrandur Guðmundsson
Gísli Rafn Guðmundsson

Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Elísabet Gísladóttir